

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rúmum 2,4 milljörðum króna í ágúst en þar af voru rúmum 2,3 milljarðar króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í ágúst 2010 tæpum 1,7 milljörðum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 10 milljónir króna í ágúst sem er svipað og í síðasta mánuði. Heildarfjárhæð almennra lána fyrstu 8 mánuði ársins er samtals um 15,9 milljarðar króna en var um 11 milljarðar króna á sama tímabili 2010.

Hálfsársuppgjör Íbúðalánasjóðs 2011 var birt 31. ágúst. Rekstur sjóðsins skilaði jákvæðri rekstrarafkomu um 1,5 milljarða króna samanborið við tap upp á 1,6 milljarða á sama tíma í fyrra. Breytinguna má rekja annars vegar til bakfærslu á framlögum í afskriftasjóð þar sem um 5.000 umsóknir bárust um 110% úrræði stjórnvalda en gert var ráð fyrir 9.400 umsóknum. Þá hefur rekstrarkostnaður aukist á milli ára vegna fjölgunar starfsmanna við úrvinnslu umsókna, umsýslu fasteigna og vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu leigufélaga auk þess sem mikill einskisþis kostnaður fellur til við innlausn fasteigna. Eigið fé Íbúðalánasjóðs þann 30. júní 2011 var rúmum 10 milljarðar króna samanborið við 8,6 milljarða í árslok 2010. Eiginfjárlutfall sjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 544/2004 um Íbúðalánasjóð er nú 2,4% en var 2,2% í upphafi árs. Hlutfallið er reiknað með sama hætti og eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja.

Saga fjárfestingabanki hf. sagði upp samningi við Íbúðalánasjóð um aðalmiðlarakerfi við útboð íbúðabréfa og um viðskiptavakt íbúðabréfa á eftirmarkaði frá og með 1. september 2011.


Vísitala neysluverðs í ágúst 2011 hækkaði um 0,26% frá fyrra mánuði (hækkaði um 0,36% án húsnæðis). Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 5,0% og vísitalan án húsnæðis um 4,7%. Undanfarna þrjú mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 0,9% sem jafngildir 3,5% verðbólgu á ári (2,7% verðbólgu fyrir vísitöluna án húsnæðis).

Ávöxtunarkrafa allra íbúðabréfa lækkaði í ágúst nema ávöxtunarkrafa HFF14 sem hækkaði. Nam lækkunin 10-33 punktum eftir flokkum og HFF14 hækkaði um 12 punkta.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 64 milljörðum króna í ágúst samanborið við um 44 milljarða í júlí 2011.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs vegna íbúðabréfa og annarra skuldbindinga námu tæpum 9,8 milljörðum króna í ágúst. Uppgreiðslur í ágúst námu um 940 milljónum króna.


Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	júni 2011	júlí 2011	ágú. 2011	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	-0,77%	-0,73%	-0,61%	1,5	70,7	27,8
HFF24	2,56%	2,59%	2,25%	6,2	164,2	116,3
HFF34	3,14%	3,25%	3,12%	10,0	175,2	149,8
HFF44	3,22%	3,34%	3,23%	13,7	268,4	245,1

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.
Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok ágúst '11.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyra lánaþingreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Útlánavextir Íbúðalánasjóðs 2008 - 2011



Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2011

Í milljörðum króna	Áætlun Q3	Raun Q3	Áætlun 2011*	Raun jan-ágú 2011
Útgáfa íbúðabréfa**	7 - 9	4,6	14 - 18	10,0
Samtals ný útlán ÍLS	6 - 8	4,6	12 - 16	17,4
Greiðslur ÍLS	15 - 17	10,1	33 - 37	48,5

*Skv. áætlun fyrir Q3 og Q4

**Útgáfa á nafnvörð

Endurskoðuð áætlun 2011

Í milljörðum króna	3Q	4Q	Samtals
Útgáfa íbúðabréfa (Nafnverð)	7 - 9	7 - 9	14 - 18
Útgáfa íbúðabréfa (Áætlað markaðsverð)	10 - 13	10 - 13	20 - 26
Ný útlán ÍLS	6 - 8	6 - 8	12 - 16
Greiðslur ÍLS	15 - 17	15 - 17	33 - 37

Útboð íbúðabréfa

